Nd. **332. Nefndarálit** [100. mál]

um frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt þetta frv. vandlega og leitað álits nokkurra aðila á því, þjóðminjavarðar, húsameistara ríkisins, Reykjavíkurborgar og Sambands ísl. sveitarfélaga. Páll Líndal borgarlögmaður skrifaði ýtarlega álitsgerð fyrir tvo síðastnefnda aðila. Þá komu þeir á fund nefndarinnar Þór Magnússon þjóðminjavörður og Hörður Ágústsson listmálari.

Nefndin telur frv. vera mikilvægan bálk og vel unninn, en mest nýjung er að IV. kafla, sem fjallar um friðun húsa og annarra mannvirkja.

Það er tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, en um þær eru tillögur á sérstöku þingskjali. Helzta efnisbreytingin er sú, að sveitarfélögum er bætt í IV. kafla sem aðilum að húsafriðun. Aðrar brtt. verða skýrðar í framsögu.

Alþingi, 7. marz 1969.

| | | |
|---|---|---|
| Benedikt Gröndal, form. | Sigurvin Einarsson, frsm. | Bjartmar Guðmundsson, fundaskr. |
| Gunnar Gíslason. | Magnús Kjartansson. | Hannibal Valdimarsson. |
| | Birgir Kjaran. | |